

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 135/292/

komudagur 22.5.2008

Nefndasvið Alþingis
b/t Viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

22. maí 2008

Tilvísun: 2008050047

Efni: Umsögn um breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti ofl., 538. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts þann 19. maí sl. þar sem Viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti ofl., 538. mál.


Til skoðunar er hjá Viðskiptanefnd að bæta inn í framangreint frumvarp ákvæði um breytingu á 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, varðandi samruna fjármálafyrirtækja.

Breytingunni er einkum ætlað að auka skýrleika viðkomandi ákvæðis og ennfremur taka af allan vafa um það að sparisjóðir geti eignast einstaka rekstarhluta annarra fjármálafyrirtækja en sparisjóða, án þess að breyta þurfi sparisjóðinum í hlutafélag.

Það að eyða framangreindum vafa mun auðvelda hagræðingu á fjármálamarkaði og styrkja stöðu sparisjóðanna að því leyti að þeim verður gert mögulegt að vaxa með kaupum á rekstarhlutum frá öðrum fjármálafyrirtækum en sparisjóðum. Verður staða þeirra þannig sú sama og annarra fjármálafyrirtækja hvað þetta varðar. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að framangreindum vafa sé aflétt sem fyrst þar sem fram hefur komið beiðni um að Fjármálaeftirlitið samþykki slíka yfirfærslu með vísan til 106. gr. laga nr. 161/2002.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Árný J. Guðmundsdóttir